

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta  
The National Union of Icelandic Students  
Established 2013



Reykjavík, 6. nóvember 2018

## Stuðningsyfirlýsing LÍS við SHÍ vegna tanngreininga á hælisleitendum innan Háskóla Íslands

LÍS, Landssamtök íslenskra stúdenta leggjast gegn því að aldursgreiningar á hælisleitendum eigi sér stað innan menntastofnanna á Íslandi og hvetja Háskóla Íslands til þess að undirrita ekki þjónustusamning þess efnis.

Undanfarið hefur verið mikil umfjöllun um aldursgreiningar á hælisleitendum og aðkomu Háskóla Íslands að þeim. Unnið er nú að mögulegum þjónustusamningi Háskóla Íslands við Útlendingastofnun og verði hann samþykktur munu þessar greiningar fara opinberlega fram innan stærstu menntastofnunar Íslands.

Samkvæmt lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 um hlutverk háskóla kemur fram að háskólar ráði skipulagi starfsemi sinnar og ákveða hvernig henni er best fyrir komið. Þetta ákvæði er ætlað að tryggja að stjórnvöld eða aðrir hlutist ekki til um fræðilegt starf innan háskóla heldur virði rannsóknarfrelsi og sjálfstæði þeirra í fræðilegu tilliti. Opinberum háskólum verða ekki gefin fyrirmæli af hálfu stjórnvalda eða hagsmunaaðila um viðfangsefni, aðferðir og efnistöð við kennslu, rannsóknir, þekkingarleit eða sköpun. Það er því alveg ljóst að það er undir Háskóla Íslands komið að ráða hvaða þjónusta fer fram innan veggja skólans og að ábyrgðin liggur hjá skólanum.

LÍS taka undir afstöðu Stúdentaráðs Háskóla Íslands um að háskólar séu menntastofnanir. Hælisleitendur sem leita hingað til lands að öryggi eiga að hafa aðgang að menntun og njóta virðingar og mannréttinda innan samfélagsins. Skýtur skökku við að á sama tíma séu framkvæmdar slíkar rannsóknir innan veggja stærstu menntastofnunar landsins þegar fremur ætti að fullnýta möguleika háskólakerfisins til þess að styðja og efla þessa viðkvæmu hópa innan samfélagsins. LÍS hvetja alla háskóla landsins eindregið til þess að standa með mannréttindum og nýta fremur sína krafta til þess að standa við bak innflytjenda og annarra viðkvæmra samfélagshópa.

F.h. Landssamtaka íslenskra stúdenta

Formaður